



sem hafa einnig hugfasta ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi og ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1612 um börn í hernaðarátökum,

sem fagna enn fremur ráðstöfunum, sem hafa verið gerðar á innlendum, svæðisbundnum og hnattrænum vettvangi á undanförunum árum, í því augnamiði að banna, takmarka eða stöðva um stundarsakir notkun, birgðasöfnun, framleiðslu og yfirfærslu á klasasprengjum,

sem leggja áherslu á almenna samviskuskyldu til eflingar mannúðarhugsjóninni eins og hún birtist í ákalli um heim allan um endalok þjáninga af völdum klasasprengna og viðurkenna starf Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðaráðs Rauða krossins, Klasasprengjubandalagsins og fjölmargra annarra frjálsra félagasamtaka í heiminum í þágu þess markmiðs,

sem áréttu yfirlýsingu Óslóarráðstefnunnar um klasasprengjur, en með henni viðurkenndu ríki meðal annars alvarlegar afleiðingar af notkun klasasprengna og skuldbundu sig til að ljúka fyrir 2008 við lagalega bindandi gerning sem mundi banna notkun, framleiðslu, yfirfærslu og birgðasöfnun klasasprengna sem valda borgurum óásættanlegu meini, og mundi setja lagaramma um samvinnu og aðstoð sem tryggir að fórnarlömbum verði veitt fullnægjandi umönnun og endurhæfing, að spillt svæði verði hreinsuð, að boðin verði fram fræðsla til að draga úr áhættu og að birgðum verði eytt,

sem leggja áherslu á að æskilegt sé að fá öll ríki til þess að gerast aðilar að samningi þessum og eru staðráðin í að vinna ötullega að því að algilda hann og að hann komi að fullu til framkvæmda,

sem ganga út frá meginreglum og ákvæðum alþjóðlegs mannúðarréttar, sér í lagi þeirri meginreglu að réttur aðila að hernaðarátökum til þess að velja aðferðir eða brögð í ófriði er ekki ótakmarkaður, ásamt þeim reglum að aðilar að vopnuðum átökum skuli ávallt greina á milli almennings og stríðsmanna sem og á milli borgaralegs viðfangs og hernaðarlegra skotmarka og þar af leiðandi beina aðgerðum sínum eingöngu að hernaðarlegum skotmörkum, að í hernaðaraðgerðum skuli þess stöðugt gætt að hlífa almennings, borgurum og sérhverju borgaralegu viðfangi og að almenningur og einstakir borgarar njóti almennrar verndar fyrir hættum sem stafa af hernaðaraðgerðum,

Hafa ORÐIÐ ÁSÁTT um eftirfarandi:

■ **1. gr. Almennar skuldbindingar og gildissvið.**

□ 1. Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig til þess að gera aldrei neitt af því sem hér fer á eftir:

- a) að nota klasasprengjur;
- b) að þróa, framleiða, verða sér úti um með öðrum hætti, safna birgðum af, varðveita eða yfirfæra til einhvers klasasprengjur, beint né óbeint,
- c) að aðstoða, hvetja eða ýta undir einhvern til að taka þátt í einhverjum þeim aðgerðum sem aðildarríki eru óheimil samkvæmt samningi þessum.

□ 2. Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar gilda, að breyttu breytanda, um sprengifimar smásprengjur sem eru sérhannaðar til þess að vera dreift eða sleppt úr skómmturum sem eru áfastir loftförum.

□ 3. Samningur þessi gildir ekki um jarðsprengjur.

■ **2. gr. Skilgreiningar.**

□ Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

1. „**Fórnarlömb klasasprengna**“ merkir allir einstaklingar sem hafa týnt lífi eða orðið fyrir líkamlegu eða andlegu

tjóni eða efnahagslegu tapi, hefur verið ýtt út á jaðar samfélagsins eða hafa orðið að þola að réttur þeirra sé verulega skertur í framkvæmd vegna notkunar klasasprengna. Meðtaldir eru þeir einstaklingar sem hafa beinlínis orðið fyrir klasasprengjum og þeir aðstandendur þeirra og samfélög sem fyrir áhrifum verða.

2. „**Klasasprengja**“ merkir hefðbundið hertól sem er hannað til að dreifa eða sleppa sprengifimum dreifisprengjum og er hvert um sig undir 20 kg að þyngd ásamt þeim sprengifimu dreifisprengjum sem það inniheldur. Það á ekki við um eftirfarandi:

a) hertól eða dreifisprengju sem er hönnuð til að gefa frá sér blossa, reyk, flugelda eða ratsjárendurvarpsefni, eða hertól sem er hannað einvörðungu til loftvarna,

b) hertól eða dreifisprengju sem er gerð til að framkalla rafmagns- eða rafeindaáhrif,

c) hertól sem, til að forðast áhrif á óafmörkuðum svæðum og þá hættu sem stafar af ósprungnum dreifisprengjum, hefur öll eftirtalin einkenni:

i. hvert hertól inniheldur færri en tíu sprengifimar dreifisprengjur,

ii. hver sprengifim dreifisprengja vegur minna en fjögur kíló,

iii. hver sprengifim dreifisprengja er hönnuð í þeim tilgangi að finna og hæfa eitt ákveðið skotmark,

iv. hver sprengifim dreifisprengja er búin rafeindabúnaði til sjálfseyðingar,

v. hver sprengifim dreifisprengja er búin sjálfsonýtandi rafeindabúnaði.

3. „**Sprengifim dreifisprengja**“ merkir hefðbundið hertól sem, til að þjóna tilgangi sínum, er dreift eða sleppt úr klasasprengju og gert til að virka með þeim hætti að það tendrar sprengjuhleðslu fyrir, við eða eftir samslátt.

4. „**Gölluð klasasprengja**“ merkir klasasprengja sem hefur verið skotið, sleppt, hafin á loft, varpað fram eða send með öðrum hætti og hefði átt að dreifa eða sleppa sprengifimum dreifisprengjum sínum en gerði ekki.

5. „**Ósprungnar dreifisprengjur**“ merkir sprengifimar dreifisprengjur sem hefur verið dreift eða sleppt úr, eða með öðrum hætti skildar frá, klasasprengju og hafa ekki sprungið eins og til var ætlast.

6. „**Yfirgefnar klasasprengjur**“ merkir klasasprengjur eða sprengifimar dreifisprengjur sem ekki hafa verið notaðar og hafa verið skildar eftir eða hent og eru ekki lengur undir eftirliti þess aðila sem skildi þær eftir eða henti þeim. Þær kunna eða kunna ekki að hafa verið undirbúnar til notkunar.

7. „**Klasasprengjuleifar**“ merkir gallaðar klasasprengjur, yfirgefnar klasasprengjur, ósprungnar dreifisprengjur og ósprungnar smásprengjur.

8. „**Yfirfærsla**“ merkir, auk eiginlegs flutnings klasasprengna inn á innlent yfirráðasvæði eða út af því, yfirfærsla eignarréttar á og yfirráða yfir klasasprengjum en ekki yfirfærsla yfirráðasvæðis þar sem klasasprengjuleifar er að finna.

9. „**Sjálfseyðingarabúnaður**“ merkir innfellt, sjálfvirkt gangvirki sem er viðbót við aðalrásbúnað hertólsins og tryggir að hertólið, sem hann er innfelltur í, eyðileggist.

10. „**Sjálfsonýtandi**“ merkir það að gera hertól ónothæft á sjálfvirkan hátt með því að ónýta íhlut varanlega, t.d. rafhlöðu, sem nauðsynleg er til að hertólið geti virkað.

11. „**Klasasprengjuspillt svæði**“ merkir svæði þar sem vitað er eða grunur leikur á um að klasasprengjuleifar sé að finna.

12. „**Jarðsprengja**“ merkir hertól sem koma má fyrir undir, á eða nálægt yfirborði jarðar eða öðrum yfirborðsfleti og er ætlað að springa sakir nærveru, nálægðar eða snertingar manns eða farartækis.

13. „**Sprengifim smásprengja**“ merkir hefðbundið hertól, undir 20 kg að þyngd, sem er ekki sjálfknúð og, til að þjóna tilgangi sínum, er dreift eða sleppt úr dreifara og er ætlað að virka með því að tendra sprengjuhleðslu fyrir, við eða eftir samslátt.

14. „**Dreifari**“ merkir geymir sem er gerður til að dreifa eða sleppa sprengifimum smásprengjum og er áfестur við loftfar þegar þeim er dreift eða sleppt.

15. „**Ósprungnar smásprengjur**“ merkir sprengifimar smásprengjur sem hefur verið dreift eða sleppt úr, eða með öðrum hætti skildar frá dreifara og hafa ekki sprungið eins og til var ætlast.

■ **3. gr. Geymsla og eyðing birgða.**

□ 1. Sérhvert aðildarríki skal, í samræmi við innlendar reglur, aðskilja allar klasasprengjur, sem lögsaga þess nær til og það ræður yfir, frá hertólum sem bíða þess að verða notaðar í hernaðaraðgerðum og merkja þær til eyðingar.

□ 2. Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig til að eyða öllum klasasprengjum, er um getur í 1. mgr. þessarar greinar, eða tryggja að þeim verði eytt, eins fljótt og auðið er og ekki síðar en átta árum eftir að samningur þessi öðlast gildi gagnvart því. Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig til að tryggja að aðferðir við eyðingu séu samkvæmt alþjóðlegum stöðlum um verndun lýðheilsu og umhverfis.

□ 3. Telji aðildarríki að það muni ekki geta eytt öllum klasasprengjum, er um getur í 1. mgr. þessarar greinar, eða tryggt að þeim verði eytt, innan átta ára eftir að samningur þessi öðlast gildi gagnvart því getur hlutaðeigandi aðildarríki lagt fram beiðni, fyrir fund aðildarríkjanna eða endurskoðunarráðstefnu, um að frestur til að ljúka eyðingu fyrrnefndra klasasprengna verði framlengdur um allt að fjögur ár. Við óvenjulegar aðstæður getur aðildarríki óskað eftir fresti í allt að fjögur ár til viðbótar. Umbeðinn viðbótarfrestur skal ekki vara lengur í árum talið en bráðnaðsynlegt er til þess að aðildarríkið geti efnt skuldbindingar sínar skv. 2. mgr. þessarar greinar.

□ 4. Hver beiðni um framlengdan frest skal innihalda eftirfarandi:

- a) hve lengi hinn ráðgerði, framlengdi frestur skal vara,
- b) ítarlegan rökstuðning fyrir ráðgerðum, framlengdum fresti, meðal annars það fjármagn og þá tækni sem aðildarríkið hefur yfir að ráða til þess að eyða öllum klasasprengjum er um getur í 1. mgr. þessarar greinar, og, eftir atvikum, þær óvenjulegu aðstæður sem réttlæta hann,

c) áætlun um hvernig og hvenær eyðingu birgða verði lokið,

d) magn og gerð klasasprengna og sprengifimra dreifisprengna, sprengjuleifum á svæðum sem lögsaga þess nær til eða það ræður yfir, eða tryggja að þær verði fjarlægðar og þeim eytt, með eftirfarandi hætti:

e) magn og gerð klasasprengna og sprengifimra dreifisprengna sem er eytt á því tímabili er um getur í 2. mgr. þessarar greinar og

f) magn og gerð klasasprengna og sprengifimra dreifisprengna sem til stendur að eyða meðan ráðgerður, framlengdur frestur varir og það magn sem áætlað er að eyða á ári hverju.

□ 5. Fundur aðildarríkjanna eða endurskoðunarráðstefnan skal, að teknu tilliti til þeirra þátta sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar, taka beiðnina til athugunar og ákveða með meiri hluta greiddra atkvæða þeirra aðildarríkja sem eiga fulltrúa á fundinum eða ráðstefnunni hvort orðið skuli við beiðninni um viðbótarfrest. Aðildarríkin geta ákveðið að veita skemmri frest en beiðið er um og geta gert tillögu um viðmiðanir fyrir hinn framlengda frest, eftir því sem við á. Beiðni um framlengdan frest skal leggja fram minnst níu mánuðum fyrir fund aðildarríkjanna eða endurskoðunarráðstefnuna sem taka á hana til umfjöllunar.

□ 6. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. samnings þessa er heimilt að geyma eða verða sér úti um takmarkaðan fjölda klasasprengna og sprengifimra dreifisprengna til að vinna að framförum við og þjálfun í að finna klasasprengjur og sprengifimar dreifisprengjur, þróa tækni til að fjarlægja þær eða eyða þeim eða til að þróa gagnráðstafanir vegna klasasprengna. Fjöldi sprengifimra dreifisprengna, sem eru geymdar eða er aflað, skal ekki vera meiri en bráðnaðsynlegur er til fyrrgreindra nota.

□ 7. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. samnings þessa er heimilt að yfirfæra klasasprengjur til annars aðildarríkis í því skyni að eyða þeim og í þeim tilgangi sem er lýst í 6. mgr. þessarar greinar.

□ 8. Aðildarríki sem geyma, verða sér úti um eða yfirfæra klasasprengjur eða sprengifimar dreifisprengjur í þeim tilgangi sem lýst er í 6. og 7. mgr. þessarar greinar skulu leggja fram ítarlega skýrslu um áætlaða og raunverulega notkun þessara klasasprengna og sprengifimu dreifisprengna og gerð þeirra, magn og lotunúmer. Ef klasasprengjur eða sprengifimar dreifisprengjur eru yfirfærðar til annars aðildarríkis í þessum tilgangi skal koma fram í skýrslunni hver viðtakandinn er. Taka ber þess konar skýrslu saman fyrir hvert ár sem aðildarríki geymir, verður sér úti um eða yfirfærir klasasprengjur eða sprengifimar dreifisprengjur og leggja fyrir aðalfrankvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna eigi síðar en 30. apríl árið eftir.

■ **4. gr. Hreinsun og eyðing klasasprengjuleifa og fræðsla til að draga úr áhættu.**

□ 1. Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig til að fjarlægja klasasprengjuleifar og eyða þeim á klasasprengjuspilltum svæðum sem lögsaga þess nær til eða það ræður yfir, eða tryggja að þær verði fjarlægðar og þeim eytt, með eftirfarandi hætti:

a) ef klasasprengjuleifar eru á svæðum sem lögsaga þess nær til eða það ræður yfir á gildistökuþegi samnings þessa gagnvart hlutaðeigandi aðildarríki skal slík hreinsun eða eyðing fara fram eins fljótt og auðið er og eigi síðar en tíu árum frá þeirri dagsetningu,

b) ef klasasprengjur hafa, eftir að samningur þessi öðlast gildi gagnvart hlutaðeigandi aðildarríki, orðið að klasasprengjuleifum á svæðum sem lögsaga þess nær til eða það ræður yfir skal slík hreinsun eða eyðing fara fram eins fljótt og auðið er og eigi síðar en tíu árum eftir að þeim beinu hernaðaráttökum þegar slíkar klasasprengjur urðu að klasasprengjuleifum er lokið og

c) hlutaðeigandi aðildarríki skal, að efndri annarri hvorri skuldbindingu sem sett er fram í a- og b-lið þessarar málsgreinar, gefa út yfirlýsingu um að settum kröfum hafi verið hlífitt til næsta fundar aðildarríkjanna.

□ 2. Jafnhliða því að efna skuldbindingar sínar skv. 1. mgr. þessarar greinar skal sérhvert aðildarríki gera eftirfarandi

ráðstafanir, eins fljótt og auðið er, að teknu tilliti til ákvæða 6. gr. samnings þessa um alþjóðlega samvinnu og aðstoð:

a) kanna, meta og skrásetja þá ógn sem stafar af klasasprengrjuleifum, jafnframt því að leggja allt kapp á að finna öll klasasprengrjuspillt svæði sem lögsaga þess nær til eða það ræður yfir,

b) meta nauðsynlegar aðgerðir og forgangsraða þeim að því er varðar merkingar, vernd almennra borgara, hreinsun og eyðingu og hefjast handa og grípa til úrræða og semja landsáætlun um framkvæmd þessara aðgerða og byggja, eftir atvikum, á ríkjandi skipan, reynslu og aðferðum,

c) gera allar ráðstafanir sem henta til að tryggja að ummál allra klasasprengrjuspilltra svæða, sem lögsaga þess nær til eða það ræður yfir, sé merkt, þau séu vöktuð og varin með girðingu eða á annan hátt til að tryggja sé að almennir borgarar fari ekki inn á þau; setja ber upp viðvörðunarskilti, gerð með þeim hætti að það samfélag þar sem áhrifa sprengrjúbúnaðar gætur gefi þeim sérstakan gaum þegar merkja á meint hættusvæði; skilti og aðrar merkingar, sem sýna mörk hættusvæða, ættu að vera eins áberandi, læsileg, endingargóð og þolin gagnvart umhverfisáhrifum og frekast er kostur og gefa skýrt til kynna hvorum megin merktra marka talið er að klasasprengrjuspillt svæði sé að finna og hvorum megin talið er öruggt að vera á ferð,

d) fjarlægja og eyða öllum klasasprengrjuleifum sem eru á svæðum sem lögsaga þess nær til eða það ræður yfir og

e) annast fræðslu til að draga úr áhættu og tryggja að almennir borgarar, sem búa á eða í námunda við klasasprengrjuspillt svæði, séu meðvitaðir um þá hættu sem stafar af slíkum leifum.

□ 3. Sérhvert aðildarríki skal, jafnhliða því að hrinda þeim ráðstöfunum sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar í framkvæmd, taka mið af alþjóðlegum stöðlum, meðal annars alþjóðlegum stöðlum um jarðsprengrjuaðgerðir (IMAS).

□ 4. Þessi málsgrein skal gilda í þeim tilfellum þegar klasasprengrjuaðgerðir hafa verið notaðar eða skildar eftir af einu aðildarríki áður en samningur þessi hefur öðlast gildi gagnvart því aðildarríki og hafa orðið að klasasprengrjuleifum á svæðum, sem lögsaga annars aðildarríkis nær til eða annað aðildarríki ræður yfir, þegar samningur þessi öðlast gildi gagnvart því síðarnefnda.

a) Í þeim tilvikum, þegar samningur þessi öðlast gildi gagnvart báðum aðildarríkjunum, er fyrrnefnda aðildarríkið eindregið hvatt til að leggja síðarnefnda aðildarríkinu til aðstoð, meðal annars tæknilega, fjárhagslega og efnislega eða aðstoð í formi mannafla, annaðhvort tvíhliða eða fyrir atbeina þriðja aðila sem gagnkvæmt samkomulag er um, þ.m.t. stofnanir Sameinuðu þjóðanna eða önnur viðkomandi samtök, til að auðveldara sé að merkja, fjarlægja og eyða fyrrnefndum klasasprengrjuleifum.

b) Slík aðstoð skal meðal annars felast í upplýsingagjöf um gerð og magn notaðra klasasprengrna, nákvæmlega hvar klasasprengrjuárásir voru gerðar og um þau svæði þar sem vitað er að klasasprengrjuleifar er að finna, að því tilskildu að slíkar upplýsingar liggi fyrir.

□ 5. Ef aðildarríki telur sig ófært um að fjarlægja og eyða öllum klasasprengrjuleifum, sem getið er um í 1. mgr. þessarar greinar, eða tryggja að þær verði fjarlægðar og þeim eytt, innan tíu ára frá því að samningur þessi öðlast gildi gagnvart því, getur það lagt beiðni fyrir fund aðildarríkjanna eða endurskoðunarráðstefnu um að frestur til að ljúka við að fjarlægja og eyða slíkum klasasprengrjuleifum verði framlengdur

um allt að fimm ár. Umbeðinn frestur skal ekki vera lengri en sá tími í árum talið sem rétt nægir til þess að gera aðildarríkinu kleift að uppfylla skuldbindingar sínar skv. 1. mgr. þessarar greinar.

□ 6. Beiðni um frekari frest skal leggja fyrir fund aðildarríkjanna eða endurskoðunarráðstefnu áður en frestur sá er um getur í 1. mgr. þessarar greinar er út runninn fyrir aðildarríkið. Hverja beiðni skal leggja fyrir minnst níu mánuðum fyrir þann fund aðildarríkjanna eða endurskoðunarráðstefnu sem taka á hana til umfjöllunar. Hver beiðni skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

a) gildistíma fyrirhugaðs viðbótarfrests,

b) ítarlegan rökstuðning fyrir fyrirhuguðum viðbótarfresti, meðal annars fjármagn og tækni sem viðkomandi aðildarríki er tiltæk og það þarfnast til að geta fjarlægt og eytt öllum klasasprengrjuleifum meðan fyrirhugaður frestur varir,

c) upplýsingar um undirbúning fyrirhugaðra aðgerða og um stöðu aðgerða sem þegar er lokið samkvæmt landsáætlunum um að fjarlægja og eyða jarðsprengrjum á hinu upphaflega tíu ára tímabili, er um getur í 1. mgr. þessarar greinar, og meðan frekari frestur varir,

d) hvert það heildarsvæði þar sem klasasprengrjuleifar er að finna þegar samningur þessi öðlast gildi gagnvart viðkomandi aðildarríki og öll önnur svæði þar sem klasasprengrjuleifar finnast eftir þá gildistöku,

e) allt það svæði þar sem klasasprengrjuleifar eru sem hreinsað hefur verið frá gildistöku samnings þessa,

f) hvert það heildarsvæði er þaðan sem til stendur að fjarlægja klasasprengrjuleifar meðan fyrirhugaður viðbótarfrestur varir,

g) þær aðstæður sem hafa aftrað viðkomandi aðildarríki frá því að eyða öllum klasasprengrjuleifum á svæðum sem lögsaga þess nær til eða það ræður yfir á hinu upphaflega tíu ára tímabili er um getur í 1. mgr. þessarar greinar og þær aðstæður sem kunna að aftra því meðan fyrirhugaður viðbótarfrestur varir,

h) mannúðar-, félags-, efnahags- og umhverfisáhrif sem hinn fyrirhugaði viðbótarfrestur hefur í för með sér og

i) allar aðrar upplýsingar sem varða beiðnina um hinn fyrirhugaða viðbótarfrest.

□ 7. Fundur aðildarríkjanna eða endurskoðunarráðstefnan skal, að teknu tilliti til þeirra þátta sem um getur í 6. mgr. þessarar greinar, meðal annars tilkynnts magns klasasprengrjuleifa, leggja mat á beiðnina og ákveða, með meiri hluta greiddra atkvæða þeirra aðildarríkja sem eiga fulltrúa á fundinum eða ráðstefnunni, hvort orðið skuli við beiðninni um viðbótarfrest. Aðildarríkin geta ákveðið að veita styttri viðbótarfrest en beiðni er um og geta, eftir atvikum, gert tillögu um viðmiðunarreglur um hann.

□ 8. Heimilt er að endurnýja viðbótarfrestinn í allt að fimm ár að fram kominni nýrri beiðni skv. 5., 6., og 7. mgr. þessarar greinar. Með beiðni um frekari viðbótarfrest skal aðildarríki leggja fram viðeigandi viðbótarupplýsingar um framkvæmdir meðan fyrri viðbótarfresturinn, sem var veittur samkvæmt þessari grein, varði.

#### ■ 5. gr. Aðstoð við fórnarlömb.

□ 1. Sérhvert aðildarríki skal, að því er fórnarlömb klasasprengrna varðar og á svæðum sem lögsaga þess nær til eða það ræður yfir, í samræmi við gildandi alþjóðlegan mannúðarrétt og mannréttindalög, veita viðunandi aldurs- og kynjandiáða aðstoð, þ.m.t. læknaaðstoð, endurhæfingu og sál-

fræðilegan stuðning, auk þess að stuðla að félags- og efnahagslegri aðlögun þeirra. Sérhvert aðildarríki skal leggja allt kapp á að afla áreiðanlegra gagna sem máli skipta með tilliti til fórnarlamba klasasprengra.

□ 2. Sérhvert aðildarríki skal, þegar það efnir skuldbindingar sínar skv. 1. mgr. þessarar greinar:

a) meta þarfir fórnarlamba klasasprengra,

b) vinna að setningu, framkvæmd og framfylgd nauðsynlegra landslaga og stefnu,

c) gera landsáætlun og fjárhagsáætlun, þar sem aðgerðir eru meðal annars tímasettar, í því augnamiði að fella þær inn í rammaáætlanir og fyrirkomulag sem gildir á landsvísu um örorku, uppbyggingu og mannréttindi og jafnframt taka fullt tillit til sérhlutverks og sérframlags hlutaðeigandi aðila,

d) hefjast handa og grípa til úrræða, innlendra sem alþjóðlegra,

e) sjá til þess að fórnarlömbum klasasprengra sé ekki mismunað, eða mismunað innbyrðis, eða að þau fórnarlömb hljóti sambærilega meðferð og þeir sem hafa meiðst eða örkuðast af öðrum orsökum; mismunandi meðferð ætti eingöngu að miða við þarfir í skilningi læknisfræði, endurhæfingar, sálfræði eða félags- og hagfræði,

f) hafa náð samráð við og tryggja virka aðkomu fórnarlamba klasasprengra og samtaka sem koma fram fyrir þeirra hönd,

g) tilnefna miðstöð innan stjórnáætlunar sem hafi það hlutverk að samræma þau mál sem eiga skylt við framkvæmd ákvæða þessarar greinar og

h) leitast við að innleiða víðeigandi viðmiðunarreglur og góðar starfsvenjur, meðal annars á sviði læknisþjónustu, endurhæfingar og sálfræðistuðnings, að meðtöldum samfélagslegum og efnahagslegum úrræðum.

■ **6. gr. Alþjóðleg samvinna og aðstoð.**

□ 1. Sérhvert aðildarríki á rétt á að leita aðstoðar og þiggja hana þegar það efnir skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum.

□ 2. Sérhvert aðildarríki, sem hefur aðstöðu til þess, skal veita aðildarríkjum, sem hafa orðið fyrir áhrifum klasasprengra, tæknilega, efnislega og fjárhagslega aðstoð sem miðar að efdum skuldbindinga sem leiðir af samningi þessum. Unnt er að veita slíka aðstoð, meðal annars fyrir atbeina stofnana Sameinuðu þjóðanna, alþjóðlegra, svæðisbundinna eða innlendra skipulagsheilda eða stofnana, frjálsra félagsamtaka eða stofnana eða á grundvelli tvíhliða samstarfs.

□ 3. Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig til þess að greiða fyrir, og skal eiga rétt á, aðild að skiptum á tækjabúnaði og vísinda- og tækniupplýsingum, viðvirkjandi framkvæmd samnings þessa, í eins ríkum mæli og frekast er unnt. Aðildarríkin skulu ekki, að ástæðulausu, leggja gegn því að hreinsibúnaður og annar líkur búnaður, ásamt tengdum tækniupplýsingum, sé látinn í té og honum veitt viðtaka til nota í mannúðarskygni.

□ 4. Sérhvert aðildarríki, sem hefur aðstöðu til þess, skal, auk skuldbindinga sem það kann að hafa undirgengist skv. 4. mgr. 4. gr. samnings þessa, aðstoða við að fjarlægja og eyða klasasprenngjuleifum og láta í té upplýsingar um ólíkar leiðir og tækni til að eyða klasasprenngjum, ásamt skráum um sérfræðinga, sérhæfðar stofnanir eða innlenda tengiliði sem fást við að fjarlægja og eyða klasasprenngjuleifum og stunda aðra tengda starfsemi.

□ 5. Sérhvert aðildarríki, sem hefur aðstöðu til þess, skal veita aðstoð við eyðingu klasasprenngjubirgða og við að skil-

greina, meta og forgangsraða þörfum og beinum aðgerðum að því er varðar merkingar, fræðslu til að draga úr áhættu, verndun almennra borgara og hreinsun og eyðingu eins og kveðið er á um í 4. gr. samnings þessa.

□ 6. Hafi klasasprenngjur orðið að klasasprenngjuleifum, staðsettum á svæðum sem lögsaga aðildarríkis nær til eða það ræður yfir, eftir að samningur þessi öðlast gildi, skal sérhvert aðildarríki, sem hefur aðstöðu til þess, veita hlutaðeigandi aðildarríki neyðaraðstoð sem allra fyrst.

□ 7. Sérhvert aðildarríki, sem hefur aðstöðu til þess, skal veita aðstoð til efnda á þeim skuldbindingum sem kveðið er á um í 5. gr. samnings þessa, þ.e. að veita með viðunandi hætti aldurs- og kynjamaðaða aðstoð, þ.m.t. læknisástoð, endurhæfingu og sálfræðilegan stuðning, ásamt því að stuðla að félagslegri og efnahagslegri aðlögun fórnarlamba klasasprengra. Unnt er að veita slíka aðstoð, meðal annars fyrir atbeina Sameinuðu þjóðanna, alþjóðlegra, svæðisbundinna eða innlendra skipulagsheilda eða stofnana, Alþjóðaráðs Rauða krossins, innlendra deilda Rauða krossins og Rauða hálfmánans og alþjóðasambands þeirra og fyrir atbeina frjálsra félagsamtaka eða á grundvelli tvíhliða samstarfs.

□ 8. Sérhvert aðildarríki, sem hefur aðstöðu til þess, skal veita aðstoð sem miðar að efnahagslegum og félagslegum bata sem er nauðsynlegur í kjölfar notkunar klasasprengra í aðildarríkjum sem hafa orðið fyrir búsifjum af þeirra völdum.

□ 9. Sérhverju aðildarríki, sem hefur aðstöðu til þess, er heimilt að leggja fram fé til víðeigandi sjóða til þess að greiða fyrir því að aðstoð samkvæmt þessari grein berist.

□ 10. Sérhvert aðildarríki, sem leitar eftir aðstöð og hlýtur hana, skal gera víðeigandi ráðstafanir til að greiða fyrir tím-anlegri og árangursríkri framkvæmd samnings þessa, meðal annars greiða fyrir komu og brottflutningi mannafla, efnis og tækjabúnaðar með þeim hætti sem samrýmist innlendum lögum og reglugerðum, að teknu tilliti til bestu starfsvenja á alþjóðavísu.

□ 11. Sérhverju aðildarríki er heimilt, við gerð innlendra aðgerðaáætlunar, að fara þess á leit við stofnanir Sameinuðu þjóðanna, svæðisbundin samtök, önnur aðildarríki eða aðrar til þess bærar milliríkjastofnanir eða frjáls félagsamtök að þau aðstoði yfirvöld þess við ákvarðanatöku meðal annars viðvirkjandi:

a) eðli og umfangi klasasprenngjuleifa sem eru staðsettar á svæðum sem lögsaga þess nær til eða það ræður yfir,

b) fjárhagslegri og tæknilegri aðstoð og mannafla sem þarf til að framfylgja áætluninni,

c) áætlunum tíma sem þarf til að fjarlægja og eyða öllum klasasprenngjuleifum sem eru á svæðum sem lögsaga þess nær til eða það ræður yfir,

d) áætlunum um fræðslu til að draga úr áhættu og starfsemi sem miðar að því að vekja vitund um að draga úr slysum eða dauðsföllum af völdum klasasprenngjuleifa,

e) aðstoð við fórnarlömb klasasprengra og

f) því hvernig samhæfingu aðgerða er háttað milli stjórnvalda í hlutaðeigandi aðildarríki og viðkomandi opinberra og óopinberra aðila og milliríkjastofnana sem munu vinna að framkvæmd áætlunarinnar.

□ 12. Aðildarríki, sem veita og þiggja aðstoð samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skulu vinna saman að því að samþykkt aðstoð nái örugglega fram að ganga, í einu og öllu og með skjóttum hætti.

■ **7. gr. Ráðstafanir til að tryggja gagnsæi.**

□ 1. Sérhvert aðildarríki skal gefa aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna skýrslu um eftirfarandi, eins fljótt og unnt er og eigi síðar en 180 dögum eftir að samningur þessi öðlast gildi gagnvart því:

a) ráðstafanir á landsvísu er um getur í 9. gr. samnings þessa,

b) heildarmagn allra klasasprengna, þ.m.t. sprengifimar dreifisprengjur, er um getur í 1. mgr. 3. gr. samnings þessa, þ.e. yfirlit sundurliðað eftir gerð, magni og, ef unnt er, lotunúmeri hverrar gerðar,

c) tæknilega eiginleika hverrar gerðar klasasprengna sem fyrrnefnt aðildarríki framleiddi áður en samningur þessi öðlast gildi gagnvart því, eftir því sem vitað er, og þær gerðir sem aðildarríkið á eða hefur til umráða, og allar þær upplýsingar, eftir því sem við verður komið, sem kunna að gera kleift að finna og fjarlægja klasasprengjur. Upplýsingar þessar skulu að lágmarki gefa til kynna ummál, gerð kveikjubúnaðar, sprengiefnisinnihald, málminnihald, litljósmyndir og annað sem kann að gera kleift að fjarlægja klasasprengjuleifar,

d) stöðu og framgang áætlana um umbreytingu eða lokun klasasprengjuframleiðslustöðva,

e) stöðu og framgang áætlana um eyðingu klasasprengna skv. 3. gr. samnings þessa, þ.m.t. sprengifimar dreifisprengjur, ásamt ítarlegum upplýsingum um förgunaraðferðir, alla þá staði þar sem eyðing þeirra fer fram og viðeigandi öryggis- og umhverfisverndarstaðla sem ber að vinna samkvæmt,

f) gerðir og magn klasasprengna, þ.m.t. sprengifimar dreifisprengjur, sem hefur verið eytt skv. 3. gr. samnings þessa, ásamt ítarlegum upplýsingum um förgunaraðferðir sem var beitt, þá staði þar sem eyðing þeirra fór fram og viðeigandi öryggis- og umhverfisverndarstaðla sem unnið var samkvæmt,

g) birgðir klasasprengna, þ.m.t. sprengifimar dreifisprengjur, sem finnast eftir að tilkynnt er að þeirri áætlun er um getur í e-lið þessarar málsgreinar er lokið, og áætlanir um eyðingu þeirra skv. 3. gr. samnings þessa,

h) eftir því sem við verður komið, stærð og staðsetningu allra klasasprengjuspilltra svæða sem lögsaga þess nær til eða það ræður yfir þar sem fram koma sem ítarlegastar upplýsingar um gerð og magn allra klasasprengjuleifa á hverju slíku svæði og hvenær þær voru notaðar,

i) stöðu og framgang áætlana um hreinsun og eyðingu klasasprengjuleifa af öllum gerðum og í hvaða magni sem er, þ.e. sem hafa verið fjarlægðar og hefur verið eytt skv. 4. gr. samnings þessa, þar sem fram kemur stærð og staðsetning þess klasasprengjuspillta svæðis sem hreinsað hefur verið, ásamt sundurliðun eftir magni hverrar gerðar klasasprengjuleifa sem hafa verið fjarlægðar og hefur verið eytt,

j) ráðstafanir gerðar til að veita fræðslu til að draga úr áhættu, einkum að senda út viðvaranir, tafarlaust og með skilvirkum hætti, til almennings sem býr á klasasprengjuspilltum svæðum sem lögsaga þess nær til eða það ræður yfir,

k) stöðu og framgang efnda skuldbindinga sinna skv. 5. gr. samnings þessa, þ.e. að viðunandi aldurs- og kynjamiðuð aðstoð sé veitt, þ.m.t. lækniástoð, endurhæfing og sálfræðilegur stuðningur, auk þess að stuðlað sé að félags- og efnahagslegri aðlögun fórnarlamba klasasprengna og að aflað sé áreiðanlegra gagna sem máli skipta með tilliti til fórnarlamba klasasprengna,

l) nöfn þeirra stofnana sem hafa umboð til að miðla upplýsingum og gera þær ráðstafanir sem er lýst í þessari málsgrein og hvernig megi ná sambandi við þær,

m) í hve ríkum mæli innlendum tilföngum, meðal annars fjármagni, efnislegum tilföngum eða ámóta, er úthlutað til að hrinda ákvæðum 3., 4., og 5. gr. samnings þessa í framkvæmd og

n) umfang og eðli alþjóðlegrar samvinnu og aðstoðar skv. 6. gr. samnings þessa og hvert henni er beint.

□ 2. Aðildarríkin uppfæri þær upplýsingar sem eru veittar skv. 1. mgr. þessarar greinar árlega, þannig að þær lýsi almanaksárinu á undan, og leggi fyrir aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna eigi síðar en 30. apríl ár hvert.

□ 3. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna sendir aðildarríkjunum allar slíkar skýrslur sem veitt er viðtaka.

■ **8. gr. Aðstoð við að efna skuldbindingar og skýringar því viðkomandi.**

□ 1. Aðildarríkin fallast á að hafa samráð og eiga samvinnu sín á milli um að hrinda ákvæðum samnings þessa í framkvæmd og vinna í sameiningu að því að auðvelda aðildarríkjunum að efna skuldbindingar sínar samkvæmt honum.

□ 2. Vilji eitt aðildarríki eða fleiri skýra vafaatriði og leita svara við spurningum sem tengjast því hvort annað aðildarríki virði ákvæði samnings þessa er því heimilt að senda hlutaðeigandi aðildarríki beiðni, fyrir milligöngu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, um að málið verði skýrt. Allar upplýsingar sem máli skipta skulu fylgja beiðninni. Aðildarríkin skulu ekki senda örökstuddar skýringarbeiðnir og skulu gæta þess að misnota ekki aðstöðu sína. Aðildarríki, sem fær beiðni um skýringar, skal, innan 28 daga og fyrir milligöngu aðalframkvæmdastjórans, láta aðildarríkinu sem óskar skýringa í té allar upplýsingar sem að gagni geta komið við að skýra málið.

□ 3. Berist aðildarríkinu, sem óskar skýringa, ekki svar fyrir milligöngu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna innan fyrnefnds frests, eða telji það svarið við skýringarbeiðninni ófullnægjandi, er því heimilt að beina málinu til næsta fundar aðildarríkjanna fyrir milligöngu aðalframkvæmdastjórans. Aðalframkvæmdastjórinn skal framsenda öllum aðildarríkjunum málið, ásamt öllum viðeigandi upplýsingum sem lúta að skýringarbeiðninni. Afhenda ber aðildarríkinu, sem fær beiðni um skýringar, allar slíkar upplýsingar og því ber réttur til andsvara.

□ 4. Þar til fundur aðildarríkjanna er boðaður geta öll hlutaðeigandi aðildarríki farið þess á leit við aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna að hann greiði fyrir því að umbeðin skýring fáiast.

□ 5. Hafi mál verið lagt fyrir fund aðildarríkjanna í samræmi við ákvæði 3. mgr. þessarar greinar skal fundurinn fyrst af öllu ákvarða hvort ræða beri málið nánar, með hliðsjón af öllum upplýsingum sem hlutaðeigandi aðildarríki hafa lagt fram. Ákveði fundurinn að ræða málið nánar má benda hlutaðeigandi aðildarríkjum á hvernig skýra megi frekar eða leysa það mál sem er til umfjöllunar, meðal annars með því að hefja viðeigandi málsmeðferð að þjóðarétti. Ef fyrir liggur að rekja megi umfjöllunarefnið til aðstæðna sem eru ekki á valdi þess aðildarríkis sem fær beiðni um skýringar getur fundur aðildarríkjanna mælt með viðeigandi ráðstöfunum, meðal annars þeim sem lúta að samvinnu og um getur í 6. gr. samnings þessa.

□ 6. Til viðbótar þeirri málsmeðferð er um getur í 2. og 5. mgr. þessarar greinar getur fundur aðildarríkjanna samþykkt

aðra þá málsmeðferð eða tiltekna aðferðir til að skýra efnidir skuldbindinga, meðal annars málsatvik og lausn mála þar sem ákvæði samnings þessa eru ekki virt, eftir því sem fundurinn telur við eiga.

■ **9. gr. Ráðstafanir á landsvísu til að hrinda ákvæðum samningsins í framkvæmd.**

□ Sérhvert aðildarríki skal gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnsýslu og á öðrum sviðum samningi þessum til framkvæmdar, meðal annars ákveða viðurlög til þess að koma í veg fyrir og bæla niður hvers kyns aðgerðir sem aðildarríki eru óheimilar samkvæmt samningi þessum, af hálfu einstaklinga eða á yfirráðasvæði sem lögsaga þess nær til eða sem lýtur stjórn þess.

■ **10. gr. Lausn deilumála.**

□ 1. Komi upp deila milli tveggja eða fleiri aðildarríkja í tengslum við túlkun eða beitingu ákvæða samnings þessa skulu hlutaðeigandi aðildarríki ráðgjast sín á milli í því skyni að finna skjóta lausn á deilunni með samningaviðræðum eða öðrum friðsamlegum hætti að eigin vali, meðal annars með því að skjóta málinu til fundar aðildarríkjanna og vísa því til Alþjóðadómstólsins í Haag í samræmi við stofnsamþykkt hans.

□ 2. Fundur aðildarríkjanna getur stuðlað að lausn deilunnar með hverjum þeim hætti sem hann telur við eiga, meðal annars með því að bjóða fram aðstoð, skora á hlutaðeigandi aðildarríki að hefja málsmeðferð að eigin vali til lausnar deilunnar og gera tillögu um tímamörk fyrir þá málsmeðferð sem samið er um.

■ **11. gr. Fundur aðildarríkjanna.**

□ 1. Aðildarríkin skulu funda reglulega í því skyni að fjalla um og, ef þurfa þykir, taka ákvarðanir um öll mál sem varða beitingu eða framkvæmd samnings þessa, meðal annars:

- a) rekstur og stöðu samnings þessa,
- b) mál í kjölfar skýrslna sem eru lagðar fram samkvæmt ákvæðum samnings þessa,
- c) alþjóðlega samvinnu og aðstoð skv. 6. gr. samnings þessa,
- d) þróun tækni til að hreinsa svæði af klasasprengrjúlfum,
- e) beiðnir frá aðildarríkjunum skv. 8. og 10. gr. samnings þessa og
- f) beiðnir frá aðildarríkjunum skv. 3. og 4. gr. samnings þessa.

□ 2. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal boða fyrsta fund aðildarríkjanna innan árs frá því að samningur þessi öðlast gildi. Aðalframkvæmdastjórinn skal síðan boða fundi árlega uns fyrsta endurskoðunarráðstefnan er haldin.

□ 3. Heimilt er að bjóða ríkjum, sem eiga ekki aðild að samningi þessum, og Sameinuðu þjóðunum, öðrum viðkomandi alþjóðlegum samtökum eða stofnunum, svæðisbundnum stofnunum, alþjóðanefnd Rauða krossins og viðkomandi frjálsum félagasamtökum að eiga áheyrnarfulltrúa á áður nefndum fundum í samræmi við starfsreglur sem samþykktar hafa verið.

■ **12. gr. Endurskoðunarráðstefnur.**

□ 1. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal boða til endurskoðunarráðstefnu fimm árum eftir að samningur þessi öðlast gildi. Fari eitt eða fleiri aðildarríki þess á leit skal aðalframkvæmdastjórinn boða til endurskoðunarráðstefnu á ný, að því tilskildu að minnst fimm ár líði á milli slíkra ráðstefna. Öllum ríkjum sem eru aðilar að samningi þessum skal boðið að eiga fulltrúa á sérhverri endurskoðunarráðstefnu.

□ 2. Á endurskoðunarráðstefnu skal:

- a) yfirfara rekstur og stöðu samnings þessa,
- b) fjalla um nauðsyn frekari funda aðildarríkjanna, er um getur í 2. mgr. 11. gr. samnings þessa, og hversu langur tími skuli líða milli funda og
- c) afgreiða sendar beiðnir/skýrslur aðildarríkja, sbr. 3. og 4. gr. samnings þessa.

□ 3. Heimilt er að bjóða ríkjum, sem eiga ekki aðild að samningi þessum, og Sameinuðu þjóðunum, öðrum viðkomandi alþjóðlegum samtökum eða stofnunum, svæðisbundnum stofnunum, alþjóðanefnd Rauða krossins og viðkomandi frjálsum félagasamtökum að eiga áheyrnarfulltrúa á sérhverri endurskoðunarráðstefnu í samræmi við starfsreglur sem samþykktar hafa verið.

■ **13. gr. Breytingar.**

□ 1. Sérhverju aðildarríki er heimilt að leggja til að gerðar verði breytingar á samningi þessum hvenær sem er eftir gildistöku hans. Tillögur að breytingum skal senda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna sem dreifir þeim til allra aðildarríkja og leitar álits þeirra á því hvort kalla beri saman sérstaka ráðstefnu til þess að fjalla um efni þeirra. Tilkynni meiri hluti aðildarríkjanna aðalframkvæmdastjóranum, eigi síðar en 90 dögum eftir að tillögunni er dreift, um stuðning við að fjallað verði frekar um tillöguna ber aðalframkvæmdastjóranum að boða til ráðstefnu um breytingar á samningnum sem öllum aðildarríkjum skal boðið til.

□ 2. Heimilt er að bjóða ríkjum, sem eiga ekki aðild að samningi þessum, og Sameinuðu þjóðunum, öðrum viðkomandi alþjóðlegum samtökum eða stofnunum, svæðisbundnum stofnunum, alþjóðanefnd Rauða krossins og viðkomandi frjálsum félagasamtökum að eiga áheyrnarfulltrúa á sérhverri ráðstefnu um breytingar á samningnum í samræmi við starfsreglur sem samþykktar hafa verið.

□ 3. Halda ber ráðstefnuna um breytingar strax eftir fund aðildarríkjanna eða endurskoðunarráðstefnu, nema meiri hluti aðildarríkjanna æski þess að hún verði haldin fyrir.

□ 4. Breytingar á samningi þessum skal samþykka með tveimur þriðju hlutum þeirra aðildarríkja sem eiga fulltrúa á ráðstefnunni um breytingar og atkvæði greiða. Vörsluáilinn skal tilkynna aðildarríkjunum um allar breytingar sem eru samþykktar með þessum hætti.

□ 5. Breyting á samningi þessum öðlast gildi gagnvart þeim aðildarríkjum sem hafa staðfest breytinguna þann dag þegar meiri hluti þeirra ríkja sem voru aðilar að samningnum þegar breytingin var samþykkt hefur afhent staðfestingarskjöl sín til vörslu. Eftir það öðlast breytingin gildi gagnvart öðrum aðildarríkjum þann dag þegar staðfestingarskjöl þeirra eru afhent til vörslu.

■ **14. gr. Kostnaður og stjórnsýsla.**

□ 1. Aðildarríkin skulu, ásamt þeim ríkjum sem ekki eiga aðild að samningi þessum en taka þátt í fundum og ráðstefnum honum tengdum, bera kostnað af fundum aðildarríkjanna, endurskoðunarráðstefnum og ráðstefnum um breytingar samkvæmt mælikvarða Sameinuðu þjóðanna með viðeigandi leiðréttingum.

□ 2. Aðildarríkin skulu bera útlagðan kostnað aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna skv. 7. og 8. gr. samnings þessa samkvæmt mælikvarða Sameinuðu þjóðanna með viðeigandi leiðréttingum.

□ 3. Stjórnsýsla aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, sem honum er falin samkvæmt samningi þessum, er

með fyrirvara um viðeigandi umboð frá Sameinuðu þjóðunum.

■ **15. gr. Undirritun.**

□ Samningur þessi, sem er gerður í Dyflinni hinn 30. maí 2008, liggur frammi til undirritunar í Ósló af hálfu allra ríkja hinn 3. desember 2008 og eftir það í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York þar til hann öðlast gildi.

■ **16. gr. Fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild.**

□ 1. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgilding, staðfestingu eða samþykki undirritunaraðila.

□ 2. Samningur þessi skal liggja frammi til aðildar fyrir öll ríki sem hafa ekki undirritað hann.

□ 3. Afhenda ber vörsluaðilanum skjöl um fullgilding, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu.

■ **17. gr. Gildistaka.**

□ 1. Samningur þessi öðlast gildi á fyrsta degi sjötta mánaðar eftir þann mánuð er þrítugasta skjalið um fullgilding, staðfestingu, samþykki eða aðild hefur verið afhent til vörslu.

□ 2. Að því er varðar ríki, sem afhendir skjal sitt um fullgilding, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu eftir afhendingardag þrítugasta skjalsins um fullgilding, staðfestingu, samþykki eða aðild, skal samningur þessi öðlast gildi á fyrsta degi sjötta mánaðar eftir þann dag þegar það ríki afhendir skjal sitt um fullgilding, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu.

■ **18. gr. Beiting til bráðabirgða.**

□ Hverju ríki sem er heimilt, jafnhliða því að það fullgildir samning þennan, staðfestir hann eða samþykkir eða gerist aðili að honum, að lýsa því yfir að það muni beita 1. gr. samningsins til bráðabirgða meðan þess er beðið að hann öðlist gildi gagnvart því.

■ **19. gr. Fyrirvarar.**

□ Ekki er unnt að gera fyrirvara við greinar samnings þessa.

■ **20. gr. Gildistími og uppsögn.**

□ 1. Gildistími samnings þessa er ótakmarkaður.

□ 2. Sérhvert aðildarríki skal í krafti fullveldis síns eiga rétt á að segja samningi þessum upp. Uppsögn skal tilkynna öllum hinum aðildarríkjunum, vörsluaðilanum og öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Í uppsagnarbréfi skal skýra til fulls þær ástæður sem liggja að baki uppsögn.

□ 3. Uppsögn tekur fyrst gildi sex mánuðum eftir að vörsluaðili veitir uppsagnarbréfi viðtöku. Eigi aðildarríkið, sem segir samningnum upp, aðild að vopnuðum átökum í lok sex mánaða tímabilsins skal uppsögn eigi taka gildi fyrr en vopnuðum átökum lýkur.

■ **21. gr. Samskipti við ríki sem ekki eru aðilar að samningi þessum.**

□ 1. Sérhvert aðildarríki skal hvetja ríki, sem eiga ekki aðild að samningi þessum, til þess að fullgilda, staðfesta eða samþykkja samning þennan eða gerast aðilar að honum með það að markmiði að fá öll ríki til að gerast aðilar að samningi þessum.

□ 2. Sérhvert aðildarríki skal tilkynna ríkisstjórnnum allra ríkja, sem eiga ekki aðild að samningi þessum og um getur í 3. mgr. þessarar greinar, um skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum, skal kynna þær reglur sem hann setur og leggja sig fram um að ráða ríkjum, sem eiga ekki aðild að samningi þessum, frá því að nota klasasprengrur.

□ 3. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. samnings þessa og í samræmi við reglur þjóðaréttar er aðildarríkjum, hermönnum þeirra og ríkisborgurum heimilt að taka þátt í hernaðarsamstarfi og hernaðaraðgerðum með ríkjum sem eiga ekki aðild að samningi þessum og kynnu að standa í aðgerðum sem aðildarríkjunum er óheimilt að gera.

□ 4. Ekkert í 3. mgr. þessarar greinar heimilar aðildarríki að:

a) þróa, framleiða eða útvega sér með öðrum hætti klasasprengrur,

b) safna birgðum af klasasprengrum eða yfirfæra klasasprengrur,

c) nota sjálft klasasprengrur eða

d) fara ótvírætt fram á að nota klasasprengrur í þeim tilfellum þegar það eitt ræður því hvaða hergögnum er beitt.

■ **22. gr. Vörsluaðili.**

□ Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna er hér með tilnefndur vörsluaðili samnings þessa.

■ **23. gr. Jafngildir textar.**

□ Textar samnings þessa á arabísku, kínversku, ensku, frönsku, rússnesku og spænsku eru jafngildir.